

Sigrún Pálína Pálsdóttir (1869-1925), húsmóðir á Vatnsenda í Eyjafirði

2020/33

Sigrún Pálína Pálsdóttir fæddist 27. ágúst 1869 á Vatnsenda og lést 20. nóvember 1925 á Hólum. Faðir Sigrúnar hét Páll Sveinsson f. 17.8.1838, d. 19.10.1903, bóndi á Vatnsenda í Eyjafirði. Móðir Sigrúnar hét Kristjana Sigurðardóttir f. 16.6.1850, d. 21.4.1916, húsmóðir á Vatnsenda í Eyjafirði. Sigrún var elst af tíu systkinum, hún átti fjórar systur og fimm bræður.

Hún var gift Kristjáni Jósefssyni f. 11.11.1864, d. 22.3.1926, þau giftu sig 24.júní 1897 og áttu þau saman fimm börn, þrjá drengi og tvær stúlkur.

1897-1901 bjó Sigrún í Ölversgerði ásamt manni sínum. 1901 fluttu hún og Kristján á Vatnsenda og bjuggu þar til 1924, þaðan fluttu þau á Hóla þar sem Sigrún lést 1925 úr lungnabólgu. Hún var jarðsett 15. desember 1925.

Afhendingin barst safninu frá Krístrúnu Ástvaldsdóttur, sonardóttur Sigrúnar. Þetta er fyrsta afhendingin sem safninu berst varðandi Sigrúnu Pálínu.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

25. ágúst 2020

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
A-Sigrún Pálína Pálsdóttir (1869-1925)			
A-Sigrún Pálína Pálsdóttir (1869-1925)		1925- 1925	
Sigrún Pálína Pálsdóttir (1869-1925), húsmóðir á Vatnsenda			2020 / 33
2020 -	A/1 1	1925- 1925	Eftirmæli um Sigrúnu Pálinu Pálsdóttur eftir Sigríði Sigurðardóttur og Kristínu Sigfúsdóttur skáldkonu frá Kálfagerði.
			Eftirmælin eru ort af tveimur konum: móðursystur Sigrúnar, Sigríði Sigurðardóttur og Kristínu Sigfúsdóttur skáldkonu frá Kálfagerði.